



8. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

1. til 4. nóvember 2022

6-2.1 SAMÞYKKT AÐ ENDURSKOÐUÐUM SIÐAREGLUM

Siðaráð fer þess á leit við 8. þing Kennarasambands Íslands að fjallað verði um tillögur þess að breyttum siðareglum og uppsetningu þeirra.

Hugsunin að baki endurskoðuninni

Siðareglur stuðla að fagmennsku sem er grundvöllur þess að kennari geti starfað í lifandi siðrænu samfélagi með nemendum, samstarfsfólki og samfélagi. Siðferðislegir snertifletir kennarans eru fjórir og snúa þeir að nemendum, samstarfsfólki, samfélagi og fagmennsku. Þessir snertifletir skarast en fagmennskan tengir þá alla. Merki KÍ er þríhyrnt og táknað öll aðildarfélög KÍ. Þríhyrnt form siðareglna vísar þannig beint til tákns KÍ. Siðareglur KÍ ætti ekki að horfa á sem tvívíðar heldur eru víddirnar fleiri. Siðareglur fjalla um nemendur, samfélag og samstarfsfólk en fagmennskan er kjarni þeirra allra. Víddirnar tengjast en fagmennska kennarans, sem er fyrir miðjum þríhyrningi er forsenda og hornsteinn allra hinna víddanna og styður við þær. Myndræn framsetning siðareglna er tilraun til að færa þær nær félagsfólki og vekja umræðu.

Af hverju fagmennska?

Fagmennska kennarans er þungamiðja þríhyrningsins og bein vísun til almenns hluta aðalnámskráa leik- grunn- og framhaldsskóla (Aðalnámskrá leikskóla 2011:8, Aðalnámskrá grunnskóla 2013:13, Aðalnámskrá framhaldsskóla 2013:11). Efst í þríhyrningnum eru nemendur og menntun þeirra með áherslu á áhuga, virðingu og umhyggju kennarans fyrir nemendum þar sem áhersluþættir kennsluhátta eru víðsýni og alhliða þroski. Kennari menntar og stuðlar að alhliða þroska nemenda vísar einnig til aðalnámskrár. Neðst í þríhyrningnum eru siðareglur sem snúa að samfélagi og samstarfsfólki kennara. Þannig hverfast þessir þrjú þættir siðareglna, nemendur, samstarfsfólk og samfélag um fagmennsku kennara. Ásýnd kennara út á við skiptir máli í heimi þar sem samfélagsmiðlar og veraldarvefur varpa einföldu ljósi á tilveru fólks. Kennari sem stígur fram og inn í þetta ljós þarf að vera umhugað um heiður stéttar sinnar, huga að framkomu sinni á opinberum vettvangi og vera meðvitaður um samfélagsábyrgð sína. Samskipti kennara við samstarfsfólk sitt skiptir einnig miklu máli þar sem hver og einn ber ábyrgð á eigin framkomu við samstarfsfólk og því faglega samstarfi sem fara þarf fram í öllum skólum. Ýmsir þættir siðareglna skarast eins og sjá má á

myndinni. Til dæmis birtist hugtakið virðing oftast en einu sinni og eins trúnaður. Ef rýnt er í reglurnar má sjá að sumar þeirra hverfast um sama punkt en í annarri vídd. Þannig tengjast þær og mynda heild.

Til hvers siðareglur án refsiramma?

Siðareglur eru hugsaðar sem rammi utan um störf kennarans sem ná út fyrir kennslustofuna. Siðareglur má nýta sem leiðavísi en ekki regluverk. Kennarinn er fyrirmynd í hverju verki og verður að ganga fram með góðu fordæmi þegar komið er fram bæði sem kennari og leikmaður, opinberlega hvort sem er í samskiptum við samferðafólk í ræðu og riti, í starfi eða leik. Ekkert er því til fyrirstöðu að stjórnandi nýti siðareglur þegar fjallað er um einstök mál og vísi til siðareglna enda eru þær vörður á faglegri leið hvers félagsmanns KÍ.

Samræður um siðareglur

Siðareglum er ætlað að skapa spurningar og samræður. Siðareglur eru hugsaðar sem leiðarvísir fyrir hvern kennara á vegi hans til þroska sem kennari og manneskja. Umræður um siðareglur eru nauðsynlegar þar sem finna þarf sameiginlega mælikvarða á samskipti og fagmennsku kennara. Siðareglur eiga að vekja samræður og samræður eru grundvöllur lýðræðis. Verkefni næsta kjörtímabils siðaráðs verður að útbúa bakgrunnsefni sem vekja á alla þá sem starfa í skólum, að nemendum meðtöldum, til umhugsunar, samtals og meðvitundar. Efnið væri þá hugsað sem samræðugrundvöllur fyrir kennara sín á milli, fyrir kennara í samræðum við nemendur og fyrir nemendur sín á milli. Kennsluefnið verður þróað af siðaráði fyrir hvert skólastig og kynnt kennurum. Ennfremur mun siðaráð í samstarfi við útgáfusvið KÍ láta hanna útlit myndrænnar framsetningar þar sem þessi uppsetning er aðeins uppkast.

NÝJAR SIÐAREGLUR

Fagmennska kennara snýr að nemendum. Kennari:

Menntar og stuðlar að alhliða þroska

Sýnir áhuga og umhyggju

Ber virðingu fyrir fjölbreytileika og ólíkum þörfum

Virðir réttindi og lætur sig hagsmuni og velferð varða

Eflir og eykur víðsýni

Fagmennska er kjarni siðaregla. Kennari:

Er meðvitaður um valdastöðu sína og misnotar hana ekki

Eflir gagnrýna hugsun og ræðir siðferðileg álitamál

Skapar góðan starfsanda, hvetjandi námsumhverfi, eflir sjálfsrækt og starfsgleði

Stuðlar að uppbyggilegum samskiptum um málefni nemenda

Hefur jafnrétti að leiðarljósi og vinnur gegn hvers kyns fordómum, áreitni, ofbeldi og mismunun

Vinnur að jákvæðri ímynd stéttarinnar

Viðheldur faglegri hæfni sinni og þekkingu

Fagmennska kennara snýr að samfélagi. Kennari:

Gætir að heiðri og virðingu stéttar sinnar

Gætir að framkomu sinni á opinberum vettvangi

Er meðvitaður um samfélagsábyrgð sína

Gætir trúnaðar við nemendur og forráðamenn


Fagmennska kennara snýr að samstarfsfólki. Kennari:

Leitast við að eiga góð og uppbyggileg samskipti

Gætir trúnaðar

Ber virðingu fyrir fjölbreytileika

Tekur þátt í faglegu samstarfi á uppbyggilegan hátt



Til samanburðar eru hér núverandi reglur

- > Menntar nemendur.
- > Eflir með nemendum gagnrýna hugsun, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi og menningu.
- > Sýnir nemendum virðingu, áhuga og umhyggju.
- > Skapar góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi.
- > Hefur jafnrétti að leiðarljósi.
- > Vinnur gegn fordómum, einelti og öðru ranglæti sem nemendur verða fyrir.
- > Kemur vel fram við nemendur og forráðamenn og virðir rétt þeirra.
- > Gætir trúnaðar við nemendur og forráðamenn og þagmælsku um einkamál þeirra sem hann fær vitneskju um í starfi sínu.
- > Viðheldur starfshæfni sinni og eykur hana.
- > Vinnur með samstarfsfólki á faglegan hátt.
- > Sýnir öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.
- > Gætir heiðurs og hagsmuna stéttar sinnar.

Setja inn íslenska jarðliti, bjarta liti, að minnsta kosti verði litir bættir.